

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 214/2020

frá 11. desember 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1991 frá 25. október 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 345/2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði og reglugerð (ESB) nr. 346/2013 um evrópska félagslega framtakssjóði ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka IX. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 31bd (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013):

„, breytt með:

- **32017 R 1991**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1991 frá 25. október 2017 (Stjtíð. ESB L 293, 10.11.2017, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 2. til 6. mgr. 10. gr. og b-liðar 1. mgr. 13. gr. gilda ekki um starfandi rekstraraðila núverandi viðurkenndra áhættufjármagnssjóða, á gildistíma þessara sjóða, á gildistöku degi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 frá 11. desember 2020. Slíkir rekstraraðilar skulu tryggja að þeir geti á hverjum tíma rökstutt að eiginfjárgrunnur þeirra nægi til að viðhalda rekstrarlegri samfellu.“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 31be (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013):

„, breytt með:

(1) Stjtíð. ESB L 293, 10.11.2017, bls. 1.

- **32017 R 1991**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1991 frá 25. október 2017 (Stjtið. ESB L 293, 10.11.2017, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 2. til 6. mgr. 11. gr. og b-liðar 1. mgr. 14. gr. gilda ekki um starfandi rekstraraðila núverandi félagslegra framtakssjóða, á gildistíma þessara sjóða, á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2020 frá 11. desember 2020. Slíkir rekstraraðilar skulu tryggja að þeir geti á hverjum tíma rökstutt að eiginfjárgrunnur þeirra nægi til að viðhalda rekstrarlegri samfellu.“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2017/1991, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2018 frá 23. mars 2018 (²), hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(²) Stjtið. ESB L 26, 30.1.2020, bls. 60.